




## Þegar rauða reikistjarnan var blá



Dú veist eflaust að jörðin er ekki eina reikistjarnan í sólkerfinu okkar; þær eru átta talsins. Sú sem líkist jörðinni okkar mest er Mars en hann er stundum kallaður rauða reikistjarnan vegna rauða litsins á yfirborðinu. Við komumst alltaf sífelld betur að því að í langan tíma var Mars í raun blá reikistjarna, þakin stöðuvötnum, ám og höfum eins og jörðin!

Þessar glæsilegu myndir tók Mars Express geimfarið sem er á braut um Mars. Á þeim sést árfarvegur sem liggur eftir yfirborði reikistjörnunnar. Talið er að farvegurinn hafi orðið til af völdum mikils fljóts í fjarlægri fortíð Mars, milljörðum ár áður en við mennirnir urðum til!

Það er enn vatn á Mars í dag þótt það sé frosið undir yfirborðinu og á norður- og suðurpólum (eins og íshettur á jörðinni). Því gæti maður haldið að þetta væri ekkert sérstaklega merkileg uppgötvun en farvegurinn er hins vegar risavaxinn! Hann er 1500 km langur og teygir sig lengra en Rínanfljót sem liggur í gegnum Evrópu, alla leið frá Svíss til Hollands! Þar að auki er farvegurinn 300 metra djúpur. Það er dýpra en nokkurt fljót á jörðinni!

Þessar nýju myndir Mars Express veita okkur spennandi sýn á fortíð rauðu reikistjörnunnar. Og svo virðist sem hún hafi ekki verið mjög ólík okkar eigin hnetti í dag!

## COOL FACT

Vísindamenn telja að fyrir milljörðum ára hafi orðið á Mars mestu flóð í sögu sólkerfisins! Það er erfitt að ímynda sér það í dag því Mars er hrollkaldur hnöttur með örþunna lofthjúp svo vatn getur ekki runnið í langan tíma á yfirborðinu.

